

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 44

5. árgangur

22.10.1998

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/44/01	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1325 - Bayer/Chiron Diagnostics) .....	1
98/EES/44/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1334 - Volvo Aero/ABB/TurboGen) .....	2
98/EES/44/03	Tilkynning um samninga um sameiginlegar rannsóknir og þróun (Mál nr. IV/37.239 - Ballard Power Systems Inc., Daimler Benz AG og Ford Motor Company) .....	2
98/EES/44/04	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki .....	3
98/EES/44/05	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	5

3. Dómstóllinn

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1325 - Bayer/Chiron Diagnostics)

98/EES/44/01

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækið Bayer AG (Bayer) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins heildaryfirráð yfir Chiron Diagnostics Corporation (Chiron Diagnostics), sem tilheyrir Chiron Corporation, með kaupum á hlutum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bayer: kemísk efni og lyf,
  - Chiron Diagnostics: klínískar greiningar, DNA- og blóðprufur.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 321, 20. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1325 - Bayer/Chiron Diagnostics, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. IV/M.1334 - Volvo Aero/ABB/TurboGen)**

**98/EES/44/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. október 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Volvo Aero Corporation (Volvo Aero), sem heyrir undir Volvo-samsteypuna, og Asea Brown Boveri Aktiebolag (ABB), sem tilheyrir svissnesk-sænsku samstæðunni ABB Asea Brown Boveri Ltd, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir TurboGen Aktiebolag (TurboGen), sem nú er eingöngu undir yfirráðum ABB, með kaupum á hlutum. TurboGen þróar, framleiðir, markaðssetur og dreifir hverfilrafölum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Volvo Aero: þróun, framleiðsla, sala og viðhald á strókhreyflum, gastúrbínum og ökutækjahlutum,
  - ABB: orkuframleiðsla, orkudreifing, iðnaðarkerfi og flutningar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 322, 21. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1334 - Volvo Aero/ABB/TurboGen, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate B - Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1040 Brussels

**Tilkynning um samninga um sameiginlegar rannsóknir og þróun 98/EES/44/03  
(Mál nr. IV/37.239 - Ballard Power Systems Inc., Daimler Benz AG  
og Ford Motor Company)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. 9. 1998 tilkynning um samning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(2)</sup>, frá fyrirtækjunum Ballard Power Systems, Inc., Daimler Benz AG og Ford Motor Company. Samningsaðilarnir hafa komið sér saman um að sameina sérfræðipækkingu sína á sviði efnarafalakerfa, rafmagnsdrifa og efnarafala í bifreiðir. Til samans gera þessir íhlutir kleift að breyta vetni (sem pumpað er sem beinu eldsneyti eða fengið úr öðru eldsneyti svo sem metanóli eða bensín) og súrefni (úr lofti) beint í rafmagn og vatn án brennslu. Til þess að fjöldaframleiða og markaðssetja þessa íhluti, sem munu auðvelda þróun ökutækja sem laus eru við útblástur, en jafnframt ekki of dýr í framleiðslu, verða samningsaðilar að ná valdi á umtalsvert meiri tækni en þeir ráða nú yfir. Íhlutirnir sem um ræðir munu standa öllum þeim sem hagsmuna eiga að gæta til boða, einnig samningsaðilum, en á hreinum viðskiptagrundvelli.
  2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samningurinn sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
- (<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðastbreytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.
- (<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 12. 1962, bls. 204/62.

3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi samninginn á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 322, 21. 10. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (+32 2 296 98 02) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/37.239 - Ballard Power Systems Inc., Daimler Benz AG og Ford Motor Company, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate F-2  
Office 01/057  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

### **Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/44/04 Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað sænskt ríkisstyrkjakerfi til handa litlum og meðalstórum fyrirtækjum, ríkisaðstoð nr. N 116/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað austurríska áætlun um að styrkja rannsókn- og þróunarverkefni fyrirtækisins Siemens SGP Verkehrstechnik GmbH, Graz, ríkisaðstoð nr. N 611/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað frönsku aðstoðaráætlunina "Eureka 1711 ADTT – II. áfangi" (rafeindatekni), ríkisaðstoð nr. N 640/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenskt ríkisstyrkjakerfi í þágu umhverfisverndar, ríkisaðstoð nr. N 716/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danskt ríkisstyrkjakerfi í þágu gasiðnaðar í Danmörku, ríkisaðstoð nr. N 449/A/97 og NN 50/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenskt ríkisstyrkjakerfi sem miðar að því að hvetja hollensk fyrirtæki til að taka þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni á sviði rannsókna og þróunar sem ber titilinn "Medea T601 (Eureka)/Atlas-verkefnið", ríkisaðstoð nr. N 135/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalskt ríkisstyrkjakerfi í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 232/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgískt ríkisstyrkjakerfi vegna almannatrygginga fyrir námuverkamenn og verkamenn í sambærilegum störfum, ríkisaðstoð nr. N 277/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenskt ríkisstyrkjakerfi sem miðar að því hvetja sorpmeðferðarstöðvar til að auka orkunýtni í rafmagnsframleiðslu í Hollandi, ríkisaðstoð nr. N 753/97 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalskt ríkisstyrkjakerfi til að stuðla að auknum fjárfestingum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 26/98 (sjá nánari útlitun í Stjtið. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalskt ríkisstyrkjakerfi til að stuðla að auknum fjárfestingum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 98/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýskt ríkisstyrkjakerfi til að hvetja til nýsköpunarverkefna í litlum fyrirtækjum á tæknisviðinu, ríkisaðstoð nr. N 317/98 og N 318/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýskt ríkisstyrkjakerfi til að stuðla að auknum fjárfestingum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 134/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgískt ríkisstyrkjakerfi í þágu fyrirtækja í umdæminu Brussel, ríkisaðstoð nr. N 233/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænskt ríkisstyrkjakerfi í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem annast dreifingarstarfsemi, ríkisaðstoð nr. N 370/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænskt ríkisstyrkjakerfi í þágu lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem starfa á sviði ferðamála, ríkisaðstoð nr. N 371/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalskt ríkisstyrkjakerfi vegna minniháttar iðnaðarverkefna sem stuðla að því að bæta samkeppnishæfni portúgalsks iðnaðar til langs tíma, ríkisaðstoð nr. N 388/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt írskt ríkisstyrkjakerfi í þágu byggðaðróunar, ríkisaðstoð nr. NN 121/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænskt ríkisstyrkjakerfi vegna tímabundinnar stöðvunar á fiskiflotanum innan ramma samningsins við Marokkó, ríkisaðstoð nr. N 219/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænskt ríkisstyrkjakerfi vegna fjárfestinga í fiskeldi í Galicíu, ríkisaðstoð nr. N 265/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenskt ríkisstyrkjakerfi í tengslum við förgun á bílflökum, ríkisaðstoð nr. N 656/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð við fyrirtækið Cartiere del Garda, ríkisaðstoð nr. N 658/97 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænskt ríkisstyrkjakerfi til að endurnýja fiskiflotann í Galicíu og færa hann í nútímahorf, ríkisaðstoð nr. N 304/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænskt ríkisstyrkjakerfi til að byggja upp fiskveiðiauðlindir í Murcíu, ríkisaðstoð nr. N 180/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt grískt ríkisstyrkjakerfi til að endurnýja lítil og meðalstór verslunar- og þjónustufyrirtæki og til að gera þau hæfari til að taka þátt í alþjóðlegri samkeppni, ríkisaðstoð nr. N 162/98 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 308 frá 8. 10. 1998).

**Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir****98/EES/44/05**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
98-0332-A	Fyrirmæli um gagnkvæma viðurkenningu á kvörðunarvottorðum frá viðurkenndum kvörðunarstofnunum	26.10.1998
98-0389-S	Reglugerð um ábyrgð framleiðanda á rafeinda- og rafmagnsvörum	1.12.1998
98-0392-NL	Reglugerð um breytingu á reglugerð um smölun dýra og reglugerð um viðskipti með lifandi dýr og afurðir	8.12.1998
98-0393-D	Staðlaðar leiðbeiningar um byggingareftirlit með skólahúsnæði (MSchulbauR), drög frá 10. júlí 1998	4.12.1998
98-0394-A	Lög um fyrirbyggingu, söfnun og meðhöndlun á úrgangi (Lög Salzburgar um meðhöndlun á úrgangi 1998 - S.AWG)	11.12.1998
98-0395-A	Drög að fyrirmælum frá fylkisstjórninni í Salzburg um lágmarkshitaæinangrun bygginga (reglugerð um hitaæinangrun)	11.12.1998
98-0396-NL	Þriðja breyting á reglugerð um flokkun á hótelum í Benelux, samtök fyrirtækja í hótél- og veitingahúsarekstri, 1985	11.12.1998
98-0365-A	Sérstök áætlun Neðra-Austurríkis um aðstoð vegna uppsetningar á nýjum hitakötlum í stað gamla og fjarhitunar	(4)
98-0397-A	Fyrirmæli frá sambandsráðherra á sviði vísinda og samganga um breytingu á fyrirmælum um flutning á hættulegum vörum á skipgengum vatnaleiðum (ADN-fyrirmæli)	11.12.1998
98-0398-UK	Endurskoðun á stöðluðum aðferðum breskra stjórnvalda við mat á orkuflokkun húsnæðis	11.12.1998
98-0399-NL	Reglugerð um breytingu á reglugerð um flutning á hættulegum efnum á skipgengum vatnaleiðum 1997 (VBG)	11.12.1998
98-0400-A	Fyrirmæli frá fylkisstjórninni í Efra-Austurríki um uppsetningu og rekstur á lyftum, 1998 (fyrirmæli Efra-Austurríkis um lyftur)	16.12.1998
98-0401-F	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum frá 5. september 1989 um notkun á ensímefnablöndum við framleiðslu á tilteknum matvælum og drykkjarvörum	11.12.1998
98-0402-F	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum frá 5. september 1989 um notkun á ensímefnablöndum við framleiðslu á tilteknum matvælum og drykkjarvörum	11.12.1998
98-0403-D	Fyrirmæli um kröfur um búnað fyrir geymslu og botnfellingu á vökva af mykju og súrheyi	11.12.1998

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>98-0404-I</b>	Úrskurður um skilgreiningu á „minni notkun“	<b>11.12.1998</b>
<b>98-0405-F</b>	Úrskurður um breytingu á úrskurði nr. 90-897 frá 1. október 1990 um flugelda	<b>14.12.1998</b>
<b>98-0406-NL</b>	Drög að breytingu á fyrirmælum um vörulög um undanþágu fyrir vítamínblöndur	<b>15.12.1998</b>
<b>98-0407-NL</b>	Fyrirmæli um breytingu á styrkjakerfi vegna orkuveitu til fyrirtækja sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og fyrirtækja í einkageiranum	<sup>(4)</sup>
<b>98-0408-S</b>	SJVF 1998:10 Ákvæði landbúnaðarráðuneytisins um styrki á sviði umhverfismála (ákvæðið um styrki á sviði umhverfismála)	<b>17.12.1998</b>
<b>98-0409-DK</b>	Fyrirmæli um lífræn matvæli	<b>18.12.1998</b>
<b>98-0410-F</b>	Fyrirmæli um lögboðna framkvæmd staðla	<b>16.12.1998</b>
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> <sup>(5)</sup>		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.